

KRAFLA

HOLA 7

FRAMVINDUSKÝRSLA UM BORUN, JARÐLÖG,
VATNSÆÐAR OG UMMYNDUN.

Hrefna Kristmannsdóttir
Ásgrimur Guðmundsson
Guðmundur Ó. Friðleifsson
Margrét Kjartansdóttir

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

KRAFLA

HOLA 7

FRAMVINDUS KÝRSLA UM BORUN, JARÐLÖG
VATNSÆÐAR OG UMMYNDUN.

Hrefna Kristmannsdóttir
Ásgrimur Guðmundsson
Guðmundur Ó. Friðleifsson
Margrét Kjartansdóttir

INNGANGUR

Úrvinnslu svarfs úr holu KJ-7 er ekki lokið. Eftir er að skoða og lýsa mōrgum þunnsneiðum, steindagreining er ekki fullkláruð, engar þunnsneiðatalningar né efnagreiningar hafa verið gerðar. Sýnilegt er að úrvinnslu verður ekki lokið fyrr en eftir marg a mánuði, þar sem starfeskraftur við svarfdeild eyðir a.m.k. 60% af tíma sínum í daglega þjónustu við borunina við Kröflu. Þessi skýrsla er tekin saman nú, til þess að þau gögn sem fyrir liggja séu aðgengilegri. Mun fleiri vinna við Kröflurannsóknir nú en í fyrra og því er ekki eins einfalt fyrir menn að afla sér upplýsinga un einstaka verkþætti

í lokaskýrslu um boranir í Kröflu 1976, sem væntanlega verður til vorið 1977, verður gerð nánari túlkun á niðurstöðum berggreininga úr öllu holunum.

BORUN

Borun hófst 9. ágúst 1976. Borað var með 17 1/2" krónu frá 37 m dýpi. Talsverð skoltöp urðu strax í fyrstu 100 m. Æð var á 40 - 50 m dýpi og opnaðist hún meira í borun. Auk þess var æð í rétt rúmlega 100 m dýpi og var þar orðið talsvert hrun í holunni. Var steypt í bilið 70-108 m og þéttað með sagi á eftir. Síðan var borað niður í 240 m. Talsverður sandur (3-4 m) var í holunni við áframhaldandi borun. Algjört skoltap varð á 232 m dýpi, en borað var áfram niður á 240 m áður en steypt var. Öll steypa hvarf í fyrstu steypingu og var þá mokað um 4 m³ af rauðamöl í hana og steypt aftur. Síðan var ákveðið að steypa í bilið ofan 60 m og var fyllt upp með möl í 65 m dýpi og steypt upp í 45 m. Erfiðlega gekk að dæla upp mölinni eftir að steypan í 45-62 m hafði verið boruð út vegna þess hversu gróf mölin var og e.t.v útvíkkunar á holunni á um 100 m dýpi. Tókst að hreinsa holuna niður í 125 m, en þar var aftur steypt upp í 95 m. Síðan var reynt að hreinsa holuna áfram og settur niður geltappi, en aftur varð að steypa í 155 m dýpi. Síðan var dælt upp sandi niður á 185 m og einnig settir niður tveir geltappar, en síðan var steypt aftur. Þegar sú steypa var boruð út lenti borinn út úr holunni og boraði áfram utan með niður í 229 m dýpi, þar sem varð skoltap 30 l/s. Samtímis bilaði "rotarið". Steypt var í botninn, en síðan varð 4-5 daga töf meðan verið var að gera við borinn. Þrjá daga í viðbót tók að þétta tapið í 229 m. Borað var síðan niður í 300 m. Tap varð í rúmlega 280 m og var því steypt í botninn og fóðrað í 284 m með 13 3/8" fóðringu.

Borun hófst aftur eftir fóðringu 31. ágúst og var borað með 12 1/2" krónu frá 284 m. Hrun varð í holunni strax neðan fóðringar og var steypt frá 332 m upp í fóðurrörsenda. Borun gekk allvel niður í fóðrunardýpi í 828 m, en þó bar alltaf nokkuð á hruni. Tap varð í 760-770 m dýpi um 13 l/s og var steypt í það áður en fóðrað var og tókst að þétta það að nokkru. Fóðrað var með 816 m af 9 5/8" fóðurrörum. Fremur illa gekk að steypa fóðringuna og var steypt utan með á eftir og einnig aftur í botni.

Borun neðan vinnslufóðringar hófst 11.09'76 og var borað þaðan með 8 1/2" krónu og 12-15 tonna álagi. Borun gekk vel, en þriggja daga tóf varð vegna bilunar á rafkerfi. Halli hafði orðið á holunni strax neðan fóðringar og eftir því sem holan dýpkaði olli þetta meiri örðugleikum við stangarskipti. Í 2164 m var borun hætt, þar sem borstjórar töldu varla óhætt að fara dýpra vegna þessa. Talsverð skoltöp höfðu orðið og komið var nálægt áætluðu bordýpi (2200 m). Borun lauk 23. september. Í upptekt festist stangalengjan er álagastangir voru komnar upp á móts við fóðurrrörsenda, en úr þeirri festu tókst að losa eftir nokkra klukkutíma. Ekki urðu neinir örðugleikar á að koma lausu fóðringunni niður og komst hún í 2100 m dýpi.

SKOLTÖP

Nokkur smærri skoltöp urðu ofan 2000 m. Á 958 m dýpi var 4 l/s tap, 10 l/s í 1160 m og um 3 l/s í 1586 m. Stærsta skoltapið varð í um 2004 m dýpi, 30 l/s.

Eftir borun var skolað í um þrjá sólarhringa og jókst þá skoltapið upp í um 46 l/s. Eftir fóðrun var holan dæluprófuð, en ekki er búið að fullvinna þær niðurstöður.

LÝSING JARÐLAGA Jarðlagasnið er sýnt á fnr. 14739

37-42. Basalt, blöðrótt, holufyllt með kalsiti og kalsedóni. Allmikið af smákristölluðu pyriti. Setblandað. Basaltið er allummyndað.

40-48. Ummynndað basalttúff. Feldspatdílar í túffinu. Þetta er nokkuð setlegt á köflum.

48-50. Meira setkennt, grátt til grænleitt á lit.

50-142. Mikið ummynduð túffkennd móbergsbreksía. Mikið af ljósum útfellingum, kalsít, kalsedón, kvars. Pyrit í talsverðu magni. Rúnnuð korn á rúmlega 100 m dýpi. Dálitið ber á oxun frá um 110 m. Talsvert ber á basaltdreifirkornum frá um 120 m dýpi. Á 128 m dýpi er áberandi blágrænleit leirummyndun.

142-152. Vantar svarf. Skolið var rauðleitt og það sem upp kom var of fint til að nást í sigti.

152-154. Frauðkennt, ummyndað basaltgler og oxaðar sambreyeskjur. Mikið um útfellingar af kalsíti og kalsedon en ekki mikið pyrit.

154-156. Dökkt meðalgróft (sennilega dílótt) basalt, talsvert oxað.

156-164. Túffkennd breksía með miklu af útfellingum af pyriti, kalsíti og kalsedoni: Talsvert ber á blágrænu leirummynduninni.

164-166. Dökkt plagioklasdílótt, nokkuð oxað basalt.

166-200. Móbergsbreksia, sennilega með þunnu basaltlagi á um 182 m dýpi, en einnig er dreif með í sýninu úr efra laginu. Zeolít finnast aðallega á um 170 m dýpi (heulandít) og á um 180 m (mordenít) og 196 m (mordenít). Talsverð oxun er í breksiunni, en svarfið er blandað og erfitt að greina það. Vel kristallað kvars sést rétt ofan 200 m dýpis.

200-214. Dólerítgangur. Meðalgróft, plagioklasdilótt, allferskt basalt með óffittískan textúr.

Bilið 180-230 m var borað tvívegis, þar sem eftir steypingar í holunni frá 230 m fór borinn út úr holunni á um 180 m og var borað fyrir utan gömlu holuna.

214-230. Sennilega súrt berg. Mikil blöndun í fyrri holu, en í seinni holunni var ráðandi ljóst fremur hart berg með reglulegum textúr, sem virðist vera líkt finu granófýrlögnum í hinum holunum.

230-238. Vantar svarf.

238-242. Svarfið er aðallega steypa.

242-268. Ljóst grófkornótt basalt, mjög leirfyllt. Sprungufyllingar af kalsíti og kvarsi eru algengar.

880-884 m. Mjög ummyndað basalt blandað túffi.

884-890 m. Fersklegt grófkornótt basalt.

890-900 m. Meðalgróft - grófkornótt ummyndað basalt. Neðst í því má sjá fersklegri meðalgróf basaltkorn. Ummynnarsteindir: kalsít, epidót, pyrit og kvarts.

900-914 m. Mjög ummyndað gleikennt basalt. Ummynnarsteindir, epidót, pyrit, kalsít og klórít.

914-918 m. Lítið eitt ummyndað grófkornótt basalt. Ummynnarsteindir af epidóti og parawollastoniti.

918-946 m. Ummynndað meðalgróft - gróft basalt, blandað túffi. Á 926 m dýpi vottar fyrir fersklegum brotkornum úr meðalgrófu basalti.

946-948 m. Blandað basaltinu hér að ofan eru nokkur ferskari brotkorn, sem gætu verið úr þunnum gangi.

948-956 m. Ummynndað meðalgróft til gróft basalt.

956-960 m. Blanda af fínkornóttu fersklegu basalti, grófkornóttu fersklegu basalti og ummynduðu basalti að ofan.

960-984 m. Ummynndað grófkornótt basalt, gleikennt á kóflum. Lagmót er ekki unnt að staðsetja nákvæmlega. Epidót og klórít eru allsráðandi ummyndunarsteindir, jafnframt er kalsít og kvarts til staðar.

984-1034 m. Dólerít.

1034-1052 m. Dólerít.

1052-1066 m. Dólerít.

1066-1068 m. Ferskt þóleít.

1068-1088 m. Mjög ummyndað meðalgróft basalt blandað túffi.
Nokkuð af epidóti. Lagmót í 1180 m.

1088-1094 m. Meðalgróft fersklegt basalt.

1094-1110 m. Meðalgróft ummyndað basalt glerkennt á köflum.
Lagmót í 1110 m.

1110-1116 m. Gróft ummyndað basalt.

1116-1170 m. Ummyndað basalt, blandað túffi að nokkru, líkleg
lagmót dregin á jarðlagasnið.

1170-1176 m. Fersklegt fínkornótt basalt, blandað ummynduðu.

1176-1190 m. Ummyndað basalt, meðalgróft til gróft.

1190-1220 m. Fersklegt fín-meðalgrófkornótt basalt.

1220-1224 m. Meðalgróft ummyndað basalt.

1224-1362 m. Fersklegt basalt fin-meðalgróft, sumt dílótt.
Útfellingar kalsít og kvars, svo og pyrit og lítið eitt af epidóti.
Svarf vantar í 1346 m og 1356 m. Dólerít brotkorn í mismiklu magni
í þessum kafla og eru fleygar dregnir á jarðlagasnið þar sem mest
er af því. (Þunnsneið í 1326 m).

1362-1384 m. Meðalgróft lítið eitt ummyndað basalt (þunnsneið
í 1370 m).

1384-1388 m. Vantar svarf.

1388-1406 m. Fersklegt fínkornótt basalt blandað dóleríti.
Basaltið er lítið eitt oxað, einkum efst.

1406-1424 m. Meðalgrófkornótt basalt, mikið ummyndað.

1424-1436 m. Meðalgróft til gróft basalt, lítið ummyndað.

1436-1460 m. Fint-meðalgróft ummyndað basalt blandað talsverðu
af dóleríti.

1460-1472 m. Ummyndað fínkornótt basalt blandað túffi, dreif með af ferskum molum.

1472-1482 m. Fersklegt fin- til meðalgróft basalt.

1482-1520 m. Blanda af fersklegu fínkornóttu basalti og ummynduðu grófkornóttara basalti.

1520-1528 m. Fersklegt meðalgróft basalt.

1528-1540 m. Ummyndað glerkennt fínkornótt basalt. Epidót áberandi.

1540-1546 m. Fersklegt, fin- til meðalgróft basalt.

1546-1552 m. Ummyndað, fínkornótt - meðalgróft basalt.

1552-1558 m. Fersklegt basalt.

1558-1576 m. Ummyndað basalt, fínkornótt og glerkennt, blöðrur fylltar klóríti og epidóti.

1576-1598 m. Blanda af fersku, fínkornóttum dílóttu og ummynduðu basalti, einnig fínkornóttu glerkenndu, áberandi meira epidót með því.

1598-1608 m. Ummyndað, glerkennt basalt.

1608-1624 m. Fersklegt basalt, fínkornótt, blandað ummynduðu. Svarf vantar í 1614-1616 m.

1624-1638 m. Vantar svarf.

1638-1660 m. Basaltblandið túff.

1660-1670 m. Fersklegt, fínkornótt basalt og fersklegt, grófkornótt blandað innan um. Blanda úr laginu fyrir ofan.

1670-1688 m. Ummyndað basalt, mest fínkornótt, mikið af epidóti, slæðingur af grófkornóttu basalti og blandað fínkornóttu fersku basalti.k

1688-1700 m. Blanda af basalti og granófýr.

1700-1708 m. Granófýr, epidót má sjá með.

1708-1728 m. Fersklegt basalt af tveim gerðum, meðalgróft til gróft og svo fínkornóttara basalt.

1728-1730 m. Vantar svarf.

1730-1738 m. Fersklegt, dílótt basalt.

1738-1742 m. Granófýr blandað basalti.

1742-1762 m. Grófkornótt ummyndað basalt. Eitthvað er um epidót og kvars í laginu og tal svært mikið í botni þess.

1764-1766 m. Vantar svarf.

1766-1788 m. Basaltrík breksía. Mikið af ummyndunarsteindum, einkum epidóti.

1788-1814 m. Blanda af ummynduðu basalti, sumu glerkenndu og fersklegu meðalgrófkornóttu basalti, trúlega úr gangi.

1814-1818 m. Ummyndað basalt.

1818-1840 m. Mjög blandað af fínkornóttu ummynduðu og fersku meðalgrófu basalti og eykst ferska basaltið stöðugt, er neðar dregur í lagið. Epidót og kvars má sjá. Á köflum virðist ummyndaða basaltið vera mjög glerkennt.

1840-1940 m. Blanda af túffi og mismikið ummynduðu basalti, meðalgrófu. Sumt af basaltinu er trúlega gangar. Ummyndun í túffinu er mjög mikil og er mikið af epidóti.

1940-1966 m. Ummyndað meðalgróft basalt. Hugsanleg lagmót í 1944 og 1960 m.

1966-1970 m. Blanda af túffi og lítið eitt ummynduðu meðalgrófkornóttu basalti.

1972-1974 m. Vantar svarf.

1974-1984 m. Ummyndað meðalgróft basalt. Lagmót i 1980 m.

1984-2004 m. Blanda af ummynduðu túffi og kolummynduðu basalti.
f 2004 m koma örfáir molar, sem gætu verið úr granófýr.

2004-2012 m. Vantar svarf.

2012-2020 m. Blanda af ummynduðu basalti og túffi.

2020-2058 m. Ummyndað gróft basalt með túffkenndum millilögum.

2058-2064 m. Mest ummyndað basalt, en hér kemur jafnframt inn
granófýr og ferskt grófkornótt dólerít.

2064-2074 m. Mest lítið eitt ummyndað grófkornótt basalt, gæti
jafnvel verið dólerít.

2074-2078 m. Blanda af þessu að ofan ásamt granófýr með meira
ummynduðu basalti.

2078-2164 m. Svarfið er að langmestu leyti úr ummynduðu meðalgrófkornóttu basalti alveg í botn. Túfflegir molar og útfellingar finnast helst efst í þessu bili. Lagmót basalthrauna er oftast erfitt að sjá en eru þó dregin inn á stöku stað á jarðlagasniði. Á stöku stað vottar fyrir fersklegum molum bæði fin- og grófkornóttum og eru þar dregin fersk basaltlög á jarðlagasniði. Útfellingin eru einkum epidót og kvars, klórít og eitthvað kalsít.

UMMYNDUN

Ummmyndun er mikil að magni til frá því efst í holunni. Gler er alltaf alveg endurkristallað. Basaltlög eru mismikið ummynduð, fersklegt basalt, bæði fínkornótt og grófkornótt dólerítkennt finnst á öllum dýptarbilum, en er algengara neðan 1000 m dýpis. Þessi lög eru talin vera innskot.

Í upprunalegum basalthraunlögum eru flestar frumsteindir nema plagioklas eyddar og í þeirra stað komnar ummyndunarsteindir (leirsteindir, kalsít, kvarts, epidót o.fl.). Á fnr. 14743 er sýnd dreifing og gerðir ummyndunarsteinda í holu KJ-7.

Gips finnst í einu sýni alveg efst. Zeolít, önnur en analsim/wairakit, finnast niður á um 400 m dýpi. Þau eru algengust ofan 250 m. Analsim/wairakit finnast frá um 100 m og niður á a.m.k. 1600 m dýpi.

Kalsít finnst frá því efst í holunni og niður á botn. Enn hefur ekki verið talið í þunnsneiðum, en neðan 1000 m sýnist magn þess minnka. Það kemur heldur ekki fram í röntgengreiningum á útfellingum neðan þess dýpis. Kvarts finnst frá rúmlega 100 m dýpi og niður á botn og eykst magn þess heldur er neðar dregur í holuna. Pyrit finnst sem dreif í allri holunni. Það finnst aðallega í útfellingaæðum í sprungum og er því í mjög mismiklu magni í sýnunum. Minna er um það neðan 900 m dýpis.

Prenit greindist á röntgen á bilinu 950-1550 m dýpi. Það finnst þó sennilega ásamt epidóti bæði ofan og neðan við þetta bil en þá í minna magni.

Epidót finnst samfellt frá um 600 m og í botn á holunni. Það finnst fyrst vottur af því á um 540 m dýpi. Magn epidóts er breytilegt og það finnst aðallega ásamt kvarsi í útfellingaæðum.

Leirsteindir eru þær af ummyndunarsteindunum, sem fylla mest rúm í bergen og hafa myndast bæði á kostnað glers, dökkra frumsteinda og sem útfellingar í glufum og sprungum.

Smektít finnst aðeins efstu 100-150 metrana og ásamt því finnast blandlög eða svellandi klórít í minna magni. Blandlagsleirsteindir af klóríti og smektíti eru síðan ráðandi niður á um 250 m dýpi. Þaðan finnst einnig klórít, en blandlagsleirsteindir og/eða svellandi klórít finnast með, niður á 800 m dýpi. Klórítíð er síðan einrátt niður á um 1150 m dýpi, en þaðan finnast aftur með blandlagsleirsteindir eða svellandi klórít í flestum sýnum.

Í einu granófyrssýni greindist illít.

Amfiból finnst óðru hverju neðan 800 m dýpis í litlu magni.

Ummyndunarmynstur er í þessari holu svipað og í efstu 1300 m í holu KG-3 og KG-5. Epidót kemur þó fyrir litlu ofar í þessari holu. Beltaskipting leirsteinda er fremur óglögg. Smektít finnst í mun minna magni og hverfur ofar en í hinum holunum á svæðinu. Klórít finnst frá um 250 m dýpi og minna er um blandlagsleirsteindir frá um 500 m dýpi. Þær finnast þó dreift niður á botn sniðsins. Í holu 3 komu fram blandlagsleirsteindir aftur í innskotamýndun. Í holu 7 eru innskot dreifðari í neðri hluta sniðsins, en var í holu KG-3 og tengsl breytinga í leirsteindagerð við innskot ekki eins ljós. Illít er hér eins og í holu KG-4 sú leirsteind sem myndast við ummyndun á súru innskotunum. Bein tengsl amfibóls við innskot sjást ekki. Parawollastonít greindist ekki nema í einu sýni í holunni (í smásjá) á um 915 m dýpi. Aðrar "háhitummyndunarsteindir" fundust ekki.

SAMANTEKTT



Borun efstu 300 m holunnar gekk mjög erfiðlega vegna þess hversu ónytt bergið er og opnast auðveldlega við fremur lítil þrýstiáhrif. Þetta er sama reynsla og fékkst við borun holu KG-3 í fyrra. Neðan 13 3/8" fóðringar gekk borun vel.

Jarðlög niður á um 1300 m dýpi falla allvel inn í þá mynd, sem fengist hafði af berggrunni þessa svæðis frá borunum í fyrra. Á 1200-1700 m dýpi í holu KG-3 var fíknótt basalt ráðandi. Í því fundust nær



engin lagskil, en ummyndun jókst með dýpi. Neðst í holu KG-5 var sams konar basalt. Á 1200-1400 m dýpi í holu KJ-7 er svipað basalt ráðandi. Þar fyrir neðan er ummyndað basalt ráðandi, en ferskara basalt og dólerít er algengt á milli. Sennilegt er að í holu KG-3 hafi verið borað í gang og að berglagaskipting svipuð og í holu KJ-7 neðan 1400 m, sé fremur einkennandi fyrir þennan hluta svæðisins.

Ummundunarmynstur er svipað og í holum KG-3 og 5 niður á 1300 m dýpi. Neðan þess dýpis er aðeins samanburður við holu KG-3 og vegna sérstöðu KG-3 er samanburður hæpinn. Áberandi er að háhitaummyndunarsteindir finnast í litlu magni og bendir það til að aðstæður, sem valda yfirhitun gufu (bétt berg), séu ekki eins algengar og í t.d. holu KG-4.

Hola 7 var boruð með það fyrir augum að kanna hvort særilegar vatnsæðar fengjust á miklu dýpi (neðan 1600 m), þar sem fyrri boranir hōfðu sýnt að þær fengjuð ekki ofan 1600 m dýpis. Skoltöp fengust neðan þessa dýpis í holu KJ-7 og þótt holan hafi enn ekki blásið bendir allt til að þær muni gefa talsverða gufu.



ORKUSTOFNUN	JARDLAGASNÍÐ	Krafla höfuð KJ-7
Fnr. 14739	Fnr. 14739	Fnr. 14739
Tekni. mynd	Tekni. mynd	Tekni. mynd
Einst. 1/4	Einst. 1/4	Einst. 1/4



ORKUSTOFNUN
JARÐLAGASNIÐ
Krafla hola Kj-7
Bor. 1020-1360 m
Tím. 1974-1975
Fnr. 14739

ORKUSTOFNUN



JARDLAGASNUÐ


Krafla Mola KJ-7

Fnr. 14739


Blað 3 af 4

'78 (O2) HK-32 Int. 204 - J-Krafle





ORKUSTOFNUN
JARDLAGASNIÐ
Krafla hola KJ-7
"78102 HK 594 Trn 204
Blað 4 óð 4 JK-Kefla
Fnr 14739



ORKUSTOFNUN

Krafla hola KJ-7
Dreifing ummyndunar

761027 HK/AA
T 235 T 205
Jens Þ. Kristfle
F 14743